



# Iðjupjálfinn í starfi Pelamerkurskóla

## Hugleiðing og frásögn

Ingileif Ástvaldsdóttir skólastjóri og Sigríður Guðmundsdóttir iðjupjálfi

*Lífsleikni í skólum:*

*forsendur, framkvæmd og framtíð*

*KHÍ 1. nóvember 2008*

Þetta stutta erindi er í tvennu lagi. Annars vegar er um að ræða hugleiðingu um það hvernig starf iðjupjálfa getur bætt við þá kunnáttu um nám sem þegar er fyrir hendi í grunnskólastarfi. Og hins vegar er frásögn af starfi iðjupjálfa í Pelamerkurskóla.

# Hugleiðing



- Mætum fjölbreytninni með sveigjanleikanum
  - Hvar á sveigjanleikinn helst að birtast?
    - Í kennsluháttum kennarans?
    - Í starfsumhverfi nemenda?
    - Í námskrá /m?
    - Í starfsmannahópnum?
      - Erum við tilbúin í fjölbreyttan starfsmannahóp?

Ingileif og Sigríður  
Pelamerkurskóla

2

Óhætt er að fullyrða að í skólastarfi nútímans séu lykilorðin fjölbreytni og sveigjanleiki. Þróunarstarf grunnskólanna einkennist af verkefnum sem miða við að skólinn geti mætt fjölbreyttum þörfum nemenda og sveigt starf sitt í samræmi við þær þarfir. Hvar sem skólafólk kemur saman ræðum við fjölbreytta kennsluhætti og einstaklingsmiðun náms. Sveigjanleikanum og fjölbreytileikanum er ætlað að kallast á.

En hversu sveigjanleg erum við í raun tilbúin til að vera? Hvar erum við tilbúin til að láta fjölbreytileikann speglast í starfinu?

Í kennsluháttum er óhætt að segja að við séum komin nokkuð á veg.

Í starfsumhverfi nemenda má segja að sé nokkur gróska,

Ný lög og nýleg námskrá lofa góðu.

En hvað með starfsmannahópinn? Hversu opið er skólastarfið fyrir því að hleypa fleiri fagstéttum inn í starfið? Þá á ég við hvort og hversu tilbúin við erum til að stækka faghópin sem kemur að daglegu skólastarfi?

Í lögum um ráðningu og menntun kennara sem samþykkt voru sl. vor sé ég að enn gert ráð fyrir undanþágunefndum leik- grunn og framhaldsskóla. En þangað sækja skólastjórar um undanþágu til að ráða aðra til kennslu en þá sem geta kallað sig kennara. Nú má alls ekki skilja mig svo að ég tali hér gegn því að lögð sé á það áhersla að að fólk sem annast kennslu sé til þess menntað - ég bendi hér aðeins á að hægt er að túlka það sem svo að lagarammi skólanna gera ekki öðrum fagstéttum auðvelt fyrir að koma að skólastarfi. Í sinni ítrustu mynd þá getur skólastjóri ekki ráðið til skólans til dæmis iðjupjálfa og fengið hann til að annast kennslu sem hæfir hans starfssviði nema að sækja um heimild til undanþágunefndar. Ef heimildin er samþykkt þá gengur hún útá lausráðningu til eins árs í senn. Þeir sem vilja sviga fram hjá þessu geta búið til stöðugildi iðjupjálfa við skólann og skilgreint verkefni hans.

Í þessu sambandi er einnig hægt að nefna vinnutímaskilgreiningu kennara; ef iðjupjálfi eða leikskólakennari eru ráðnir á kjörum eigin kjarasamninga þarf að leggjast yfir vinnutímaskilgreininguna og semja við þá sérstaklega.

Og þá eigum við eftir okkar eigin viðhorf, erum við tilbúin til að bjóða öðrum fagstéttum að taka þátt í daglegu starfi skólanna?

# Pelamerkurskóli

*þroski, menntun, samkennd*



- Hörgárdal
  - Leggur áherslu á útivist, hreyfingu, hollustu og list- og verkgreinar
- Tæplega 100 nemendur
- Um það bil 20 starfsmenn
  - 8 kennarar
  - 1 sérkennari
  - 1 iðjuþjálfari
  - 1 leikskólakennari í sérkennaranámi
  - 1 myndlistarmaður
  - 1 klæðskeri
  - Húsvörður, 2 skólaliðar, 1 matráður og 2 aðstoðarkonur í eldhúsi
  - Lausafólk: íþróttþjálfari, vélakall úr sveitinni og tónlistarmaður
- 30% nemenda eiga pappíra í möppu
  - hafa einhverra hluta vegna þurft einhverrar skoðunar við
    - Bóknámið þá oftast til trafala

Ingileif og Sigríður  
Pelamerkurskóla

3

# Hvað er hægt að gera?



- Námskráin stýrandi í skólastarfi
  - bækur og próf
- Skólinn getur brugðist við með því að:
  - Aðlaga námsefnið
  - Kannað „námsstíl“ nemanda
  - Aðlaga námsaðstæður
  - Skoða ríkjandi kennsluhætti
- Skólanum er tamt að skipuleggja námið innan veggja skólastofunnar og með markmið aðalnámskrár og viðmiðunarstundaskrá að leiðarljósi.

Ingileif og Sigríður  
Pelamerkurskóla

4

Af eðlilegum ástæðum eru námskrár, aðalnámskrá og skólanámskrár, nokkuð stýrandi í skólastarfi - við þær miðum við starf okkar. Til viðbótar námskránum tekst bókum og prófum að hafa einhver áhrif á það sem við tökum okkur fyrir hendur í starfinu. Herdís Egilsdóttur sagði frá því á ráðstefnu hér um daginn að bækur og próf væru verstu óvinir skapandi starfs í kennslu.

En þegar þarf að skoða af hverju einhverjir nemendur ná ekki að tileinka sér námið í skólanum getur skólinn brugðist við á nokkra vegu. Hann getur aðlagað námsefnið, kannað námsstíl nemandans og í framhaldi af því aðlagað námstæður og kennsluhætti á þann veg nemandanum reynist námið auðveldara og að hann læri þar af leiðandi meira. Og eðlilega er skólanum tamt að skipuleggja námið innan veggja kennslustofunnar og með markmið aðalnámskrár og viðmiðunarstundaskrár að leiðarljósi. Þar er viðmiðið sem samfélagið telur að sé undirbúningur fyrir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi. Þess vegna má halda fram að allt skólastarfið sé lífsleikninám.

## Viðmiðunarstundaskrá og aðalnámskrá

	1. - 4. bekkur	5. - 7. bekkur	8. - 10. bekkur
<b>Bókgreinar</b>	2600 mín af 4800 mín = <b>54%</b>	2360 mín af 4200 mín = <b>56%</b>	2680 mín af 4440 mín = <b>60%</b>
<b>List- og verkgreinar íþróttir</b>	1600 mín af 4800 mín = <b>33%</b>	1320 mín af 4200 mín = <b>31%</b>	680 mín af 4200 mín = <b>15%</b>
<b>Val</b>	560 mín af 4800 mín = <b>11,2%</b>	400 mín af 4200 mín = <b>9,5%</b>	960 mín af 4200 mín = <b>22%</b>
<b>Lífsleikni</b>	40 mín af 4800 mín = <b>0,8%</b>	120 mín af 4200 mín = <b>2,8%</b>	120 mín af 4200 mín = <b>2,7%</b>

5

Í viðmiðunarstundaskrá kemur fram hvað það er sem við leggjum til grundvallar þeim undirbúningi. Viðmiðunarstundaskrá segir til um vægi námsgreina innbyrðis og vikulegan **lágmarkskennslutíma** á einstökum námssviðum sem **hver nemandi á rétt á** (í 1.–4. bekk, 5.–7. bekk og 8.–10. bekk).

Í þessari töflu hef ég tekið saman það sem við venjulega köllum bókgreinar, ísl. stæ., tungumál, náttúrufr. og samf.greinar. Í list- og verkgreinum hef ég talið heimilisfr. Uppl. Og tæknimennt, listgreinar og þar set ég líka íþróttir.

Hér sjáum við að áætlað er að meira en helmingi af tíma nemenda í grunnskóla skal varið til náms í hefðbundnum bókgreinum. Það er hins vegar undir okkur komið hvernig okkur tekst að stilla þessum hluta skólustarfsins upp á fjölbreyttan hátt.

Í viðmiðunarstundaskrá kemur einnig fram að inntak valnáms í 8, 9. og 10. bekk má fella í þrjá meginflokkka. Í fyrsta lagi er um að ræða val sem miðar að skipulegum undirbúningi fyrir nám á bóknámsbrautum framhaldsskóla. Í öðru lagi er val sem miðar að skipulegum undirbúningi undir starfsmenntun, list- eða tækninám. Í þriðja lagi eiga nemendur að geta valið um viðfangsefni sem einkum miða að því að víkka sjóndeildarhring þeirra eða stuðla að lífsfyllingu. Í stuttu máli er hægt að segja að 22% er hægt að skipta milli, bókgreina, verkgreina og tómsunda. Nokkuð frjálst er hvar og hvernig þessum tíma er varið; í skólanum, skipulögðu listnámi, í tómsundastarfi, skipulagðri sjálfböðavinnu eða úti á vinnumarkaðnum og í okkar tilfelli heima á bæjunum.

Í sumum tilfellum þarf jafnvel að auka þennan hluta námsins hjá nemendum og þá á kostnað bóknámsins. Í Þelamerkurskóla hefur það komið í hlut iðjupjálfans að skipuleggja það nám í samvinnu við nemandann, foreldra hans og kennara.

Til viðbótar hefur hann meðal annars annast kennslu í lífsleikni og hljóð- og hreyfipjálfun yngstu nemendanna.

# Iðjubjálfanum



- Er samt að byggja starf sitt á þörfum og getu einstaklingsins til að ná árangri
- Í daglegu lífi og starfi
  - Lífsfærnin
  - Í tómstundum
  - Áhugahvötin
- Að byggja upp sjálfstraust




Ingileif og Sigríður  
Pelamerkurskóla

6

Af reynslu minni á undanfögnu ári hef ég séð að iðjubjálfanum er samt að byggja starf sitt á þörfum og getu einstaklingsins til að ná árangri í daglegu lífi og starfi. Þar horfir hann til þess sem ég vil kalla lífsfærni. Hann skoðar til dæmis hvaða færni nemandinn þurfi til að geta staðið á eigin fótum. Iðjubjálfinn hefur einnig miðað starf sitt við það hvernig nemandinn verji tómstundum sínum og leitar þá eftir því hvar áhugasvið nemandans liggur.

# Iðjupjálfinn og Pelamerkurskóli

## Blendingsprótturinn



Ingileif og Sigríður  
Pelamerkurskóla

7

Mér sýnist þá að þar sem saman fari sýn og áherslur iðjupjálfans á lífsfærnina og áhugahvötina og áherslur sérhvers skóla og viðmið aðalnámskrár þá sé enn frekar en ella hægt að bjóða sveigjanlegt og fjölbreytt nám.

Eflaust er hægt að finna sameiningu þessara krafta stað í fræðilegri umfjöllun, en það bíður betri tíma. Ég vel hér að kalla sameiningu þeirra, blendingspróttinn. Það orð heyrði ég fyrst úr munni fyrrum sjómanns og núverandi fiskverkanda norður í landi. Þá hafði hann komið í viðtal í skólann með erlendri tengdadóttur sinni, til að ræða um kröftugan og uppátækjasaman afastrák hans. Faðir barnsins var á sjónum og afanum fannst sér það bæði rétt og skylt og sinna viðtalinu. Hann dáðist að krafti drengsins og útskýrði fyrir kennslukonunum sem fyrir framan hann sátu að þetta væri allt saman blendingspróttinum að þakka. Blendingsprótturinn kæmi til vegna þess að í drengnum mættust suðrænt blóð móðurinnar og sjómannsblóð föðurins norðan úr Atlandshafinu.

Það er því niðurstaða okkar að ef skólanum á að endast þrek til frambúðar í því verkefni að byggja upp sveigjanlegt og fjölbreytt nám, til undirbúnings nemenda fyrir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, þá þurfi hann á öllum þeim blendingsprótti að halda sem hann getur orðið sér úti um.